

**3341. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
16. apríl 2018 og hófst hann kl. 17:30.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg P. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Jóhann Þórðarson endurskoðandi, Þorgeir Jónsson fjármálastjóri, Andrés Ólafsson verkefnastjóri og Sigmundur Ámundason aðalbókari, tóku sæti á fundinum undir liðum 1 til og með 3.

**Fyrir tekið:**

**1. 1804133 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2017 - A hluti**

- Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2017 - A hluti
- 1.1 Aðalsjóður
- 1.2 Eignasjóður
- 1.3 Byggðasafn
- 1.4 Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf.

Rekstrarniðurstaða A-hluta, fyrir óreglulega liði, þ.e. uppgjör lífeyrisskuldbindinga við Brú lífeyrissjóð vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sbr. lög 127/2016, er jákvæð um 722,2 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 179,4 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Rekstrarniðurstaða A-hluta eftir óreglulega liði er jákvæð um 245,6 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 179,4 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

**Lykiltölur:**

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga:

Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í þús.króna 565.874 en nam kr. 615.179 árið 2016.

Skuldaviðmið er 61% en var 62, % árið 2016.

EBITDA framlegð er 12,52% en var 4,28% árið 2016.

Veltufé frá rekstri er 13,96% en var 16,44% árið 2016.

Skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjum) er 98% en var 99% árið 2016.

Eiginfjárlutfall er 52% en var 55% árið 2016.

Veltufjárlutfall er 1,7 en var 1,79 árið 2016.

Bæjarráð staðfestir ársreikninga Aðalsjóðs og Eignasjóðs með undirritun sinni og leggur til við bæjarstjórn að ársreikningar Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Byggðasafnsins í Görðum og Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. verði samþykktir.

## 2. 1804134 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2017 - B-hluti

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2017 - B hluti

2.1 Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf.

2.2 Gáma

2.3 Háhiti ehf.

2.4 Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

*Rekstrarniðurstaða B-hluta var neikvæð um 5,9 mkr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir um 2,5 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.*

*Bæjarráð staðfestir ársreikning Gámu með undirritun sinni og leggur til við bæjarstjórn að ársreikningar Fasteignafélagsins ehf., Gámu, Háhita ehf. og Höfða hjúkrunar og dvalarheimilis verði samþykktir.*

## 3. 1804135 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2017 - samstæða

Samstæðureikningur Akraneskaupstaðar 2017.

Samstæðureikningur Akraneskaupstaðar 2017.

*Rekstrarniðurstaða Akraneskaupstaðar, fyrir óreglulega liði þ.e. þ.e. uppgjör lífeyrisskuldbindinga við Brú lífeyrissjóð vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sbr. lög 127/2016, var jákvæð um 716,3 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 181,9 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.*

*Rekstrarniðurstaða Akraneskaupstaðar, eftir óreglulega, var jákvæð um 239,7 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 181,9 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.*

*Lykiltölur:*

*Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga:*

*Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í þús.króna 1.330.042 en nam 1.235.960 árið 2016.*

*Skuldaviðmið er 61% en var 62, % árið 2016.*

*EBITDA framlegð er 11,55% en var 3,89% árið 2016.*

*Veltufé frá rekstri er 12,73% en var 14,58% árið 2016.*

*Skuldhæfumál (skuldir/rekstrartekjum) er 93% en var 94% árið 2016.*

*Eiginfjárlutfall er 50% en var 53% árið 2016.*

*Veltufjárlutfall er 1,62 en var 1,66 árið 2016.*

*Bæjarráð staðfestir samstæðuársreikning Akraneskaupstaðar með undirritun og leggur til við bæjarstjórn að reikningurinn verði samþykktur.*

## 4. 1804145 - Söngkeppni framhaldsskólanna

Umsókn frá Ísólfí Haraldssyni f.h. fyrirtækisins Vinir hallarinnar um heimild bæjarráðs fyrir endurgjaldslausum afnotum af íþróttahúsinu á Vesturgötu vegna viðburðarins Söngkeppni framhaldsskólanna sem fyrirhugað er að halda á Akranesi 28. apríl næstkomandi.

*Bæjarráð heimilar að viðburðurinn verði haldinn í íþróttahúsinu á Vesturgötu án endurgjalds vegna húsnæðisins en leggur áherslu á að umgjörð er varðar skipulagningu og gæslu verði í samræmi við þann fjölda ungmenna sem sækja viðburðinn.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:45.

Olfur Ólafsson  
Ingvíður Valdimarsd.

Rannul Skarslaeti  
Vilborg P. Gudbjartsd.

Ingvíður Lárusdóttir

Son frar krisvan  
Steinn Hilfprúnus